

2.400,00 og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Baldurssonr hrl., kr. 5.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1985.

Nr. 26/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Matthildi Eiðsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 15. s.m. Hún krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er á það fallist, að nauðsynlegt sé, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 60 dögum frá uppkvaðningu úrskurðarins 13. febrúar 1985, kl. 16.05.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Matthildur Eiðsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum frá kl. 16.05 13. febrúar 1985.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Matthildi Eiðsdóttur, atvinnulausri, heimilisslausri, með lögheimili að Hraunbæ 44, fæddri 18. mars 1961 í Vestmannaeyjum, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir:

Föstudaginn 8. febrúar sl. var kærður til RLR þjófnaður á seðlaveski með persónuskilríkjum, 4.500,00 krónum í peningum og ávisanahefti á Sparisjóð Keflavíkur. Kærða kveðst hafa fengið heftið hjá vinkonu sinni, Önnu Maríu Haraldsdóttur. Kærða hefur borið, að nokkrar ávisanir hafi hún framselt sjálf, en vinkonur hennar framselt aðrar og þær skipt með sér því fé, er þær hafi svikið út.

Kærða hefur á árunum 1983-1985 margoft komið við sögu hjá RLR, einkum vegna auðgunarbrota. Hún hefur ýmist ein eða í félagi við aðra gefið út, oft falsaða, tékka og framselt þá og þannig svikið út umtalsverðar fjárhæðir, sem hún hefur notað sér til framfæriss og þá aðallega til fíkniefnakaupa.

RLR hefur sent tíu mál, er varða kærðu, til ríkissaksóknara frá því í mars 1984 og fram til janúar 1985, þar af varða sjö þeirra ávisanamisferli kærðu.

Sex mál eru nú á lokastigi rannsóknar, og er elsta málið frá 16. ágúst 1984, en hin fimm á tímabilinu frá 4. nóvember 1984 til 24. janúar 1985. Varða þau öll misferli með ávisanir, og hefur kærða viðurkennt að hafa falsað fjölda ávisana og framselt.

Í sakadómi Reykjavíkur liggur ein ákæra, dags. 7. febrúar 1985, á hendur kærðu, þar sem hún er ákærð fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og brot á tékkalögum.

Kærða sat þrívegis í gæsluvarðhaldi á síðasta ári og hefur einu sinni verið úrskurðuð í gæsluvarðhald á þessu ári.

Kærða var svipt sjálfræði að kröfu móður sinnar með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur þann 31. janúar sl. Þar kemur fram, að kærða Matthildur hefur verið áfengis- og eiturlyfjasjúklingur frá unglingsaldri og hafi farið í fyrstu meðferð vegna ofneyslu áfengis og ávana- og fíkniefna á Freeport í Bandaríkjunum árið 1977, aðeins 16 ára gömul.

Kærða hefur eigi stundað atvinnu undanfarin ár og sífellt orðið háðari sterkari ávana- og fíkniefnum, s.s. heróini. Kærða hefur fjármagnað fíkniefnakaup sín með auðgunarbrotum, aðallega ávisanamisferli. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að vista kærðu á viðeigandi stofnun, en hún hefur ávallt strokið eftir skamman tíma.

Samkvæmt sakavottorði kærðu, dags. 12. febrúar 1985, hefur hún hlotið skilorðsbundinn dóm á árinu 1980 vegna brots gegn 155. gr. laga nr. 19, 1940. Auk þess hefur hún gengist undir sátt vegna áfengislagabrots og vegna ávana- og fíkniefnabrots.

Brot þau, er kærða er grunuð um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með því, sem að framan hefur verið rakið, verður að telja, að kærða sé síbrotamaður, sem aflar sér fjár til ávana- og fíkniefnakaupa með afbrotum. Kærða hefur engan dvalarstað og hefur enga atvinnu stundað um langan tíma.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin, en þó eigi lokið. Veruleg hætta er á að kærða haldi áfram afbrotum, meðan málum hennar er enn ólokið. Þykir því rétt með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Matthildur Eiðsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1985.

Nr. 23/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Adolf Garðari Guðmundssyni

(Árni Guðjónsson hrl.)

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.